

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**Efni: Ósk um aðstoð við Afmælishátíð Víkingafélagsins Rimmugýgjar**

*Víkingafélagið Rimmugýgur óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær aðstoði við að halda upp á 20 ára afmæli félagsins 8. til 13. ágúst á Víðistaðatúni.*

Ágæta bæjarráð,

Rimmugýgur er félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga. Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar. Rimmugýgur var stofnað formlega við Öxarárfoss á Þingvöllum 7. júní 1997.

Á afmælisári langar okkur að halda veglega afmælishátíð og bjóða fólki frá öðrum víkingafélögum á Íslandi sem og erlendum vinum að koma og fagna með okkur. Samhliða stefnum við á að halda æfingatörn þar sem hugmyndin er að fá erlendan þjálfara til að koma og leiðbeina. Við hyggjumst hafa opið almenningi um helgina frá 11. til 13. ágúst án endurgjalds.

Þá langar okkur til að setja upp veitingatjald þar sem almenningur gæti keypt eitthvað matarkyns og drykki og ef til vill bjór. Við munum fá viðurkenndan veitingareksturaðila til að sjá um þá hlið.

Við munum sjá um gæslu á svæðinu sjálf meðan á þessu stendur.

Það sem við förum fram á er leyfi til að vera á Víðistaðatúni, grafa eldgryfjur og kveikja elda. Leyfi fyrir gistingu í íþróttahúsi Víðistaðaskóla fyrir gesti. Aðstoð við kynningu og salernistaðstöðu.

Með vinsemd og virðingu,

Hafsteinn Kúld Pétursson  
Ölduslóð 11  
220 Hafnarfjörður  
Tel. +354 565 33 34  
Mob. +354 899 97 75